

Nd.

#### 44. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Við 2. gr. A. I. a. bætist:

16. Laxá í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Við 2. gr. A. I. d. bætist:

24. Kvíá í Öræfum.

25. Prestsfítaráll í Hornafjarðarfljótum.

3. gr.

Við 2. gr. A. III. bætist:

17. Ásavatn í Skaftártungu í Vestur-Skaftafellssýslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### G r e i n a r g e r ð .

Á síðasta Alþingi komu fram tillögur til breytinga á brúarlögum samhljóða þessu frv. Fengu þær meðmæli vegamálastjóra og samgöngumálanefnd féllst á þær. Vill sama nefnd nú flytja þær að nýju í frv.formi og vísar til rökstuðnings með þeim í nál. samgöngumálan. í fyrra um málið.